Ed. **327. Frumvarp til laga** [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað „1973" í 1. mgr. 85. gr. komi: 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðuneytisins og fylgdi svofelld greinargerð.

Er frumvarp núgildandi laga um stofnun og slit hjúskapar var lagt fram á Alþingi vorið 1971, varð meðferð þess ekki lokið, og var frumvarpið þá lagt fram að nýju á næsta Alþingi. Við framlagninguna láðist að leiðrétta eitt ártal í lögunum, og er þeirri leiðréttingu komið hér á framfæri.